

REGLUGERÐ um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 28. júlí 1977 nema kr. 23.28 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 28. júlí 1977. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 408/1976 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 28. júlí 1977, skal greiða kr. 3.32 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 28. júlí 1977 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 28. júlí 1977.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 408 17. desember 1976.

Fjármálaráðuneytið, 26. júlí 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.